

# Hreppsnefnd Húnavatnshrepps

## 61. fundur.

**Priðjudaginn 16. desember 2008 kom hreppsnefnd Húnavatnshrepps saman til fundar að Húnavöllum. kl. 13.00. Björn Magnússon setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P. Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leiti samkvæmt undirskriftum.**

### Dagskrá:

1. Aðalskipulag Húnavatnshrepps.
2. Skýrsla sveitarstjóra.
3. Fundargerðir:
  - a) Menningar- íþrótt og æskulýðsnefndar dags. 13. júlí 2008
  - b) Fræðslunefndar dags. 2. des. 2008.
  - c) Fjallskiladeildar Grímstungu- og Haukagilsheiða dags. 19. júní, 1. ágúst, 5. ágúst, 7. ágúst og 25 ágúst 2008.
  - d) Stjórnar SSNV dags. 4. nóv. 2008.
  - e) Stjórnar Húnavers dags. 10. des. 2008.
4. Bréf.
  - a) Frá Yrkjusjóði ódagsett
  - b) Frá Páli Jónssyni dags. 8. des. 2008.
  - c) Frá Sýslumanninum á Blönduósi dags. 8. des. 2008.
  - d) Frá Stígamótum dags. 28. nóv. 2008.
  - e) Frá Snorrasjóði dags. 28. nóv. 2008.
  - f) Frá Björgunarfélaginu Blöndu dags. 16. nóv. 2008.
  - g) Frá Menntamálaráðuneytinu dags. 1. des. 2008.
  - h) Frá Vinnumarkaðsráði Norðurlands vestra dags. 19. nóv. 2008.
  - i) Frá Heilbrigðisráðuneytinu dags. 21. nóv. 2008.
  - j) Frá ÍSÍ dags. 14. nóv. og 5. des. 2008.
5. Önnur mál

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 13.10

### 1. Aðalskipulag Húnavatnshrepps

Sveitarstjóri kynnti verkstöðu aðalskipulags. Verkið er nokkuð á eftir áætlun en samkvæmt endurskoðaðri verk- og tímaáætlun er ennþá gert ráð fyrir að lokaafgreiðsla aðalskipulagsins verði fyrir áramótin 2009-2010. Næstu skref í vinnunni er íbúafundur þar sem kynnt verða fyrstu drög að aðalskipulagi og Staðardagskrá 21 ásamt uppdráttum og greinagerð.

### 2. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri kynnti munnlegt erindi frá bæjarstjóra Blönduóss um hugsanlegt samstarf grunnskóla Blönduóss og Húnavatnshrepps.

Þar sem mikil óvissa er um tekjuhlið fjárhagsáætlunar Húnavatnshrepps fyrir árið 2009, einkum hvað varðar framlög frá Jöfnunarsjóði þá óskar hreppsnefnd eftir því við Samgönguráðuneytið að það veiti heimild til frestunar á afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar fram í janúar 2009.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps  
61. fundur.

Hreppsnefnd samþykkti tillögu nefndar sem skipuð var vegna vígslu á leikskóla og um val á nafni hans. Það bárust 22 tillögur að nafni og fyrir valinu varð nafnið **Vallaból**.

Kynnt bréf frá Ámundakinn ehf varðandi arðgreiðslu. Hreppsnefnd samþykkti að fá arð sinn greiddan með hlutabréfum í félaginu á genginu 1,1 í stað greiðslu með peningum.

**3. Fundargerðir:**

**a) Menningar- íþrótt og æskulýðsnefndar dags. 13. júlí 2008.**

Lögð fram til kynningar.

**b) Fræðslunefndar dags. 2. des. 2008.**

Lögð fram til kynningar.

**c) Fjallskiladeildar Grímstungu- og Haukagilsheiða dags. 19. júní, 1. ágúst, 5. ágúst, 7. ágúst og 25 ágúst 2008.**

Lagðar fram til kynningar.

**d) Stjórnar SSNV dags. 4. nóv. 2008.**

Lögð fram til kynningar.

**e) Stjórnar Húnavers dags. 10. des. 2008.**

Frestað þar sem fundargerð liggur ekki fyrir.

**4. Bréf.**

**a) Frá Yrkjusjóði ódagsett**

Efni: Kynning á starfsemi sjóðsins.

Erindinu vísað til umfjöllunar í fræðlunefnd.

**b) Frá Páli Jónssyni dags. 8. des. 2008.**

Efni: Sótt um heimild til að byggja bátaskýli við Laxárvatn Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

**c) Frá Sýslumanninum á Blönduósi dags. 8. des. 2008.**

Efni: Ósk um umsögn vegna leyfisumsóknar til reksturs á gististað í Stekkjardal. Erininu var vísað til byggingarfulltrúa.

**d) Frá Stígamótum dags. 28. nóv. 2008.**

Efni: Styrkumsókn.

Hreppsnefnd samþykkti að styrkja Stígamót um 30 þúsund krónur.

**e) Frá Snorrasjóði dags. 28. nóv. 2008.**

Efni: Umsókn um fjárstuðning að upphæð kr. 100 þúsund við Snorraverkefnið sumarið 2009.

Hreppsnefnd hafnar erindinu.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps  
61. fundur.

**f) Frá Björgunarfélaginu Blöndu dags. 16. nóv. 2008.**

Efni: Ósk um fjárstuðning vegna kaupa á tetra talstöðvum í bíla sveitarinnar.  
Hreppsnefnd samþykkti að styrkja félagið um sem nemur andvirði einnar talstöðvar, eða kr. 130 þúsund.

**g) Frá Menntamálaráðuneytinu dags. 1. des. 2008.**

Efni: Varðar heildarúttekt á listfræðslu á Íslandi.  
Erindinu vísað til umfjöllunar í fræðslunefnd.

**h) Frá Vinnumarkaðsráði Norðurlands vestra dags. 19. nóv. 2008.**

Efni: Ályktanir frá fundi Vinnumarkaðsráðs Norðurlands vestra, sem haldinn var á Skagaströnd þann 17. nóvember s.l.  
Lagt fram til kynningar.

**i) Frá Heilbrigðisráðuneytinu dags. 21. nóv. 2008.**

Efni: Upplýsingar um að vegna ríkjandi ástands í þjóðfélaginu hafi heilbrigðisráðherra ákveðið frestun á fyrirhuguðum sameiningum heilbrigðisstofnana og heilsugæslustöðva til 1. júlí 2009. Undanþegin er sameining Heilbrigðisstofnunar Ísafjarðar og Heilbrigðisstofnunar Bolungavíkur sem mun taka gildi 1. janúar 2009 eins og áður var áformað.  
Sveitarstjóra var falið að afla upplýsinga um stöðu HSB.

**j) Frá ÍSÍ dags. 14. nóv. og 5. des. 2008.**

Efni: Varðar samstarf íþróttahreifingarinnar við sveitarfélög  
Lagt fram til kynningar.

**5. Önnur mál.**

Oddviti kynnti bréf frá Birni Þór Kristjánssyni dags. 27.nóv 2008, þar sem fram kemur að hann nýti sér ekki forkaupsrétt sinn í hlutafjáraukningu í Hveravallafélaginu ehf.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 15.15

---

Björn Magnússon

---

Tryggvi Jónsson

---

Jón Gíslason

---

Birgir Ingbórsson

---

Jóhanna E Pálmadóttir

---

Ólöf Birna Björnsdóttir

---

Gróa M. Lárusdóttir

---

Jens P. Jensen